



2. Kennari sem hefur skilað merku ævistarfi eða á annan hátt skarað framúr

Gunnlaugur Sigurðsson gegndi starfi skólustjóra Í Garðaskóla í Garðabæ frá stofnun skólans árið 1966 og til ársins 2003 en þá lét Gunnlaugur af störfum. Á starfsferli sínum markaði hann djúp spor í skólasögu Garðabæjar, sem og landsins alls.

Gunnlaugur er hugsjónamaður og hreif samstarfsfólk, foreldra og nemendur með sér í framfara- og tilraunastörfum. Hann er leiðtogi sem í krafti sannfæringar sinnar kom í verk fjölmörgum framsæknum nýjungum og breytingum sem í dag þykja eðlilegar í almennu skólastarfi. Þá lagði hann áherslu á metnað og gæði í starfi kennara og hóf innra gæðamat með skipulögðum hætti. Hann eflði markvisst og öflugt foreldrasamstarf og kappkostaði að nemendur tækju ábyrgð á umhverfi sínu og sjálfum sér; hann vann ötullega að velferð nemenda og foreldra með margvíslegum hætti.

Gunnlaugur var langt á undan sinni samtíð með ýmsa þætti skólastarfsins og hélt ótrauður áfram þrátt fyrir andstöðu við hugmyndir sem sumar hverjar þóttu byltingarkenndar. Með hugrekki og hugsjón skilað hann merku ævistarfi og verðmætu framlagi til menntamála á Íslandi.